

23. gr.

111

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi, eða sýni ókurteisi eða óhlýðni, eða sje óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir; telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fult og alt, skal til þess fengið leyfi stjórnarráðsins.

24. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hagnað, og hvað útheimtist til að standast þau; það gefur og út fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Reglugjörð 30. nóvbr. 1898 er hjermeð feld úr gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 29. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

Reglugjörð

112

29. ágúst.

fyrir vjelfræðisdeild stýrimannaskólans í Reykjavík.

Samkvæmt 10. gr. í lögum nr 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskípum, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um það, hvernig vjelfræðiskenslunni við stýrimannaskólann skuli háttað, svo og um tilhögun á vjelfræðaprófi og hvað til þess útheimtist.

I.

Um markmið vjelfræðisdeildarinnar, inntökuskilyrði, kenslu o. fl..

1. gr.

Markmið vjelfræðisdeildar þeirrar, sem stofnuð er við stýrimannaskólann, er að búa lærisveina undir vjelstjórpróf.

2. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í vjelfræðisdeildina eru:

1. Að lærisveinninn hafi óflekkað mannorð.

- 112** 2. Að hann sje fullra 16 ára að aldri.
29. ágúst. 3. Að hann hafi stundað járnsmíði í 2 ár.
4. Að hann sje ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem orðið getur skaðvænn hinum nemendunum.

3. gr.

Beiðni um inngöngu í vjelfræðisdeildina sendist forstöðumanni stýrimannaskólans; skal hún vera skrifleg og stíluð til stjórnarráðsins. Inntökubeiðninni skulu fylgja vottorð um þau skilyrði, sem talin eru í 2. grein. Forstöðumaður sendir stjórnarráðinu inntökubeiðnirnar ásamt tillögum um þær.

4. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

5. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 24. degi desembermánaðar til 2. dags janúarmánaðar, að báðum þeim dögum meðtöldum. Beri 2. janúar upp á föstudag, skal kenslan byrja næsta mánudag, en beri 2. janúar upp á sunnudag, skal kenslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag og til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti.
4. Sumarleyfi, er nær frá afloknu burtfararprófi til 30. september.

6. gr.

Í hverri viku skulu vera 30 kenslustundir, 5 kenslustundir á dag. Skal 17 stundum varið til kenslu í eðlisfræði og vjelfræði, 4 stundum til kenslu í stærðfræði og 3 stundum til kenslu í íslensku, dönsku og ensku, í hverri grein.

Á milli hverra tveggja samliggjandi kenslustunda skal gefið 10 mínútna hlje.

7. gr.

Forstöðumaður stýrimannaskólans skal hafa á hendi alla umsjón með vjelfræðisdeildinni, standa fyrir útvegnum á öllu því, sem deildin þarfnast, á sama hátt og hann hefir á hendi umsjón stýrimannaskólans og sjer um þarfir hans.

Hann skal ráða stundakennara, skipa fyrir um fyrirkomulag kenslunnar og semja stundatöflu fyrir hvert skólaár, er stjórnarráðið samþykki.

8. gr.

Öll nauðsynleg áhöld, sem nota þarf við kensluna í skólanum leggur skólinn til, en sjálfir skulu lærisveinar kosta bækur þær og áhöld, sem þeir þurfa við námið.

9. gr.

112

29. ágúst.

Öll áhöld og muni skólans, bæði innanhúss og utan, svo og skólahúsið sjálft, skulu þeir fara vel með, og skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá þeirra eða kæruleysi, eða ef skemdir verða á skólahúsinu af þeirra völdum, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.

Þeir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kenslustundir byrja, og mega ekki fara út í kenslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara.

Í skólanum skulu þeir ávalt vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki neyta matar í skólanum nje reykja tóbak.

Geti lærisveinn eigi sótt kenslustundir, ber að tilkynna það forstöðumanni, og færa ástæður fyrir.

10. gr.

Forstöðumaður skal rita í bók, sem til þess verður útveguð, nöfn, fæði ingar-stað, -dag og -ár þeirra lærisveina, sem koma í vjelfræðisdeildina. Í bókinni skal og geta þeirra, sem próf taka, og prófeinkunna þeirra; ennfremur skal og geta þess, hvenær þeir fara úr deildinni, sem af einhverjum öðrum ástæðum fara úr henni án þess að lúka burtfararprófi. Bók þessi skal ávalt geymd í stýrimannaskólanum.

11. gr.

Að loknu burtfararprófi skal forstöðumaður senda stjórnarráðinu greinilega skýrslu um vjelfræðisdeildina, kensluna og prófið.

II.

Um prófið.

12. gr.

Vjelstjórpróf skal haldið í stýrimannaskólanum í Reykjavík í mars- eða aprilmánuði ár hvert.

13. gr.

Sá, sem óskar að ganga undir prófið, skal afhenda forstöðumanni stýrimannaskólans eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins, þess efnis, að honum verði leyft að ganga undir prófið. Umsóknarskjalinu skulu fylgja þessi vottorð:

1. Um það, að hann hafi stundað járnsmiði í 3 ár eftir 14 ára aldur í þeim járnsmiðjum, sem teknar eru gildar af stjórnarráðinu.
2. Vottorð frá iðnmeistara hans um kunnáttu, dugnað, hegðun og reglusemi. Hafi járnsmiðanámið að nokkru eða öllu leyti verið stundað í járnsmiðjum erlendis, verður vottorðið að vera staðfest af rjettum yfirvöldum.

112 Sje sá, sem undir prófið vill ganga, eigi lærisveinn í vjelfræðisdeildinni, 29. ágúst. þá skal beiðni hans um að mega ganga undir prófið send stjórnarráðinu 3 mánuðum áður en á að halda prófið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu beiðni þessari fylgja skírnarvottorð og vottorð frá þeim manni eða mönnum, sem hafa kent honum vjelfræði.

Hafi umsækjandi gengið undir vjelfræðispróf áður, skal þess getið í umsókninni.

14. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í prófstofunni og hafa með sjer nauðsynleg uppdráttaráhöld, pappír og skriffæri. Við byrjun prófsins draga prófsveinar um, í hvaða röð þeir koma upp í munnlega prófinu. Það tölunúmer, sem hver prófsveinn fær, skal hann skrifa efst á skriflegu verkefni og verkefnisúrlausnir sínar, svo og nafn sitt.

15. gr.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt. Það skal haldið opinberlega af prófnefnd; eru í henni vjelfræðiskennari stýrimannaskólans og 2 menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti, og annan þeirra sem oddvita prófnefndarinnar. Að minsta kosti annar hinna skipuðu prófdómenda skal hafa leyst af hendi fullkomið vjelstjórpróf.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefni til munnlegs og skriflegs prófs. Verkefni til skriflega prófsins skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Til að dæma um kunnáttu í íslensku, ensku og dönsku, getur stjórnarráðið, ef þörf þykir, skipað 1 eða 2 menn aðra; tiltaka þeir þá verkefni í þeim greinum.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf. Tungumálakennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt einum prófdómanda.

16. gr.

Við skriflega prófið fá allir prófsveinar sömu verkefni. Hvert verkefni skal innihalda tvö eða fleiri minni dæmi í sömu fræðigreini. Á verkefnisseðlunum sje tekið fram, hve langur tími sje veittur til að svara.

Öll þau blöð, sem prófsveinninn brúkar við úrlausn verkefnanna, skal hann afhenda eftirlitsmönnum hins skriflega prófs um leið og hann afhendir verkefni og úrlausn. Á öll slík blöð skal hann rita nafn sitt og prófnúmer. Þessi blöð eru því að eins gild, að þau sjeu áður stimpluð með stimpli stýrimannaskólans.

Án sjerstaks leyfis mega prófsveinar undir engum kringumstæðum hafa kenslubækur eða önnur slík hjálpartæki við skriflega prófið. 112
29. ágúst.

Peir prófsveinar, sem kann að þykja eitthvað ógreinilegt í verkefninu, geta snúið sjer til eftirlitsmanna.

Eigi mega prófsveinar hafa verkefni í lengri tíma en veittur er til að svara því.

17. gr.

Munnlegu spurningarnar skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar. Við prófið dregur hver prófsveinn sína spurningu. Munnlega prófið má eigi halda meðan prófsveinar eru að svara skriflegu verkefnum.

18. gr.

Meðan á skriflega prófinu stendur, mega engir aðrir en prófsveinar og eftirlitsmennirnir vera í prófstofunum. Að minsta kosti annar hinna skipuðu prófdómenda skal vera eftirlitsmaður. Þeir bera ábyrgð á því, að engum brögðum sje beitt. Í prófstofunum má ekkert samtál vera millum prófsveina.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sjer, eða hjálpi öðrum, skal honum þegar vísað frá prófi, og skal þá svo álitíð, sem hann hafi eigi staðist prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi, og kenni sjúkleik um, en sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, þá ber að líta svo á, sem hann hafi eigi gengið undir prófið, og má þá prófa hann aftur á sama próftíma, jafn-skjótt og því verður viðkomið.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndarinnar, að prófsveinn hafi hegðað sjer ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið prófsveininn frá prófinu.

Áður en prófið byrjar skal oddviti prófnefndar semja próftöflu; skal hún fest upp í stýrimannaskólanum minst degi áður en prófið byrjar. Prófsveinar skulu mæta stundvíslega samkvæmt þessari töflu.

19. gr.

Við prófið skulu gefnar 11 einkunnir, sem sje:

Í gufuvjelafræði:	4	eink.	fyrir	2	skriflegar	og	2	munlegar	úrlausnir.
Í stærðfræði:	2	—	—	1	skriflega	og	1	munlega	úrlausn.
I eðlisfræði:	1	—	—	1	munlega	úrlausn.			
Í bifvjelafræði:	1	—	—	1	—	—			
Í íslensku:	1	—	—	1	munlega	og	skriflega	úrlausn.	
Í dönsku:	1	—	—	1	munlega	úrlausn.			
Í ensku:	1	—	—	1	—	—			

20. gr.

- 112** Fyrir svör á hverri spurningu skal prófnefndin gefa einhverja af einkunn-
 29. ágúst. um þeim, er hjer skulu taldar, og jafngilda þær tölum þeim, er hjá þeim standa:
- | | | | | | | | |
|------------|------|---------|------|-----------|--------|----------|--------|
| ágætlega | = 7, | dável ÷ | = 4, | laklega | = 1, | illa ÷ | = ÷ 3, |
| ágætlega ÷ | = 6, | vel | = 3, | laklega ÷ | = 0, | afarilla | = ÷ 5. |
| dável | = 5, | vel ÷ | = 2, | illa | = ÷ 1. | | |

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildum einkunna þeirra, er gefnar hafa verið; sje meðaltal þetta ÷ 2 verður einkunnin illa (÷ 1).

III.

Um prófkeröfurnar.

21. gr.

Til hins íslenska vjelstjóraprófs útheimtist:

1. Í vjelfræði: Þekking á byggingu, samsetningi og meðferð gufuvjela og bifvjala í skipum og bátum, eldsneyti, brenslu, aflmælislinum (Indikatoríagrammer) og þeim stærðum, sem fundist geta með þeim, þekking á hestafli gufuvjela, kolaeyðslu, smyrsla- og þjettiáhöldum, tæmiáhöldum og slökkvitólum, hjálparvjelum skipsins, ryði og vörnun gegn því, hirðingu gufukatlanga, helstu hlutum skips og skiftingu þess í vatnsheld hólfi, þekking á lagaákvæðum um íslensk gufuskip.
2. Í eðlisfræði: Þekking á hinum almennu eðlisfræðilegu eiginleikum hluta, hin almennu lögmál fyrir föstum, fljótandi og loftkendum hlutum, jafnvægi og hreyfing hluta, eðlisþyngd, saltmælum, þrýstimælum, dælum, útpenslu hluta við hita, hitamælum, hitaafi (Varmefylde), dreyfingu hitans, bræðslu, uppgufun, suðu, eiginleikum vatnsgufunnar, hita og vinnu.
3. Í vjela-teikningu: Að geta mælt og teiknað hluta úr gufuvjel, sem ekki er mjög samsettur.
4. Í reikningi: Að geta reiknað hinar fjórar reikningstegundir með tilteknum og óþekktum stærðum í heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum, að geta fundið óþekta tölu í hlutfallslíkingu, þekking á veldi og rót, þekking á beinum og bjúgum línun, flötum þríhyrningum, samsíðingum, marghyrningum, hringum og línun þeirra, að finna óþekta parta í þríhyrningi með uppdrætti, þekking á máleiningum flata, á flatarmáli þríhyrninga, samsíðinga, og hringflata, á máleiningu líkama, á rúmmáli teninga, strendinga (Prisme) og sivalninga.
5. Í íslensku: Að geta gert ljettan íslenskan stíl um alment efni, skifað allvel, skýrt og nokkurnveginn rjett.
6. Í dönsku: Að hafa lesið kafla í danskri bók eigi minna en 150 bls., geta þýtt hann munnlega á íslensku og talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje.

7. Í ensku: Að hafa lesið kafla í enskri bók, eigi minna en 150 bls., geta þýtt **112** hann munnlega á íslensku og talað um hversdagsefni á ensku svo skiljan-29. ágúst.legt sje.

IV.

Um skilyrði fyrir að standast prófið og prófsvottorð.

22. gr.

Til þess að standast prófið útheimtis.

- a) Í vjelfræði (vjelfræði, bifvjelafræði og vjelteikningu) minst meðaleinkunnin 2.
- b) Í öðrum greinum minst meðaleinkunnin 2.
- c) Í samanlögðum prófgreinunum minst meðaleinkunnin 3.

Hin hæsta aðaleinkunn við prófið verður þannig 77 stig, en hin lægsta 33 stig.

23. gr.

Hver prófsveinn, er staðist hefir prófið, fær vottorð um það að afloknu prófi, skal það samið bæði á íslensku og dönsku og sniðið eftir þessari fyrirmynd:

N. N. (fult nafn)

fæddur (fæðingar- staður, -dagur og -ár)

hefir staðist

hið íslenska vjelfræðispróf,

en til þess útheimtist:

(hjer skal talið það, sem útheimtist samkv. 21. gr. í þessari reglugjörð) og hlotið aðaleinkunnina

Reykjavík, árið

N. N. N. N. N. N.

(undirskrift prófnefndarinnar).

Hæsta aðaleinkunn er 77 stig. Lægsta aðaleinkunn er 33 stig.

24. gr.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í prófbók, sem stjórnarráðið löggildir og geymir milli prófa. Í bók þessari skal skýrt frá fullu nafni hvers, eins, fæðingar- stað, -degi og -ári og einkunnum þeim og aðaleinkunn, sem gefin var við prófið; svo skal og færa inn í bók þessa öll hin skriflegu verkefni við prófið. Bókin skal færð af prófnefndinni og undirskrifuð af henni.

Í stjórnarráði Íslands 29. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.